

Opinn skógur

Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði fyrir almenning til útivistar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

Open forest

The goal of the project is to open forests and forestry sites to public recreation, by setting up recreation facilities and providing educational information on the nature and history of each forest.


GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER

Velkomin í skóginn Welcome to the forest

-  **Upplýsingar**
Information
-  **Bílastæði**
Parking
-  **Borð og bekkir**
Picnic area
-  **Bekkur**
Bench
-  **Salerni**
Toilet
-  **Áhugaverður staður**
Place of interest
-  **Skógarhús**
Hut

 **Göngustígur**
Walking path

 **Þú ert hér**
You are here



Skarðdalur

Skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags Siglufjarðar

Skógurinn í Skarðdal er nyrsti plantaði skógur á Íslandi. Upphaf hans má rekja til þess að árið 1950 fékk Skógræktarfélag Siglufjarðar suðurhluta Skarðdalslands frá Siglufjarðarbæ, um 5,5 hektara svæði. Svæðið var girt á árunum 1950-1951 og fyrstu plönturnar gróðursettar 1951. Skagfirðingafélagið (átthagafélag) fékk úthlutað reitum í skógræktinni og gróðursetti lengi vel með Skógræktarfélaginu. Fram til 1980 voru rúmlega 100 þúsund trjáplöntur gróðursettar í þetta svæði – mest sitkagreni, því næst blágreni, birki og rauðgreni, en einnig hvítgreni og þrjár gerðir furu – fjallafura, skógarfura og stafafura, mest stafafura. Einnig var sett niður Lerki, reynir, ösp og víðitegundir. Á ári trésins árið 1980 fékk félagið viðbótarland norðan eldra svæðis, um 1,5 hektara og hafa á annan tug þúsunda plantna verið gróðursettar þar, mest sitkagreni, blágreni og birki. Síðasta hluta Skarðdalssvæðis neðan heimreiðar fékk svo félagið frá Siglufjarðarbæ árið 1990 og voru fyrstu plönturnar gróðursettar þar 1993. Sótt var síðar um stækkun til suðurs frá Skarðdalssvæði, inn í Leyningsland og fékkst vilyrði fyrir því árið 1997. Árið 2006 var svo gerður samningur um Landgræðsluskóga í Leyningslandi, alls rúmlega 34 hektara. Þar hafa verið settar niður 50-60 þúsund plöntur.

Mestan hluta þeirra plantna sem gróðursettar hafa verið í skóginum hafa siglufirskir unglingar annast, lengst af undir stjórn og umsjón Jóhanns Þorvaldssonar, fyrrverandi formanns félagsins, en hann skilaði rúmlega 40 ára starfi í skóginum. Árið 2006 var reistur minningarskjöldur um Jóhann, með áletruninni „Að gefast upp kom aldrei til greina“ og er það tilvitnun í hann en fyrstu ár skógræktarinnar kröfðust einstakrar þrautseigju – flestir að vinna við sildarverkun, ekkert athvarf í skóginum og ágangur sauðfjár töluverður. Í upphafi var vinna unglinganna alger sjálfböðavinna, en þegar á leið gat

Recreational forest - Siglufjörður Forestry Association

The forest at Skarðdalur is the northernmost planted forest in Iceland. The Siglufjörður Forestry Association got the southern part of the farm Skarðdalur from the municipality of Siglufjörður in 1950 for planting. Since then the area has been expanded several times. The first trees were planted in 1951 and from then on some 180.000 trees have been planted – initially mostly sitka spruce, Engelmann spruce, birch and Norway spruce, but also white spruce and three types of pine - mountain pine, Scots pine and lodgepole pine, in addition to larch, rowans, black cottonwood and willow species. Most of the planting has been done by local teenagers, initially as volunteers, but later on as paid work, first by the Siglufjörður Forestry Association and later

Skógræktarfélagið greitt sínu unga starfslíði nokkra þóknun. Félagið hefur einnig notið liðsinnis bæjarfélagsins, sem hefur borgað laun flokkstjóra og unglinga sem vinna í skógræktinni. Einnig hafa ýmis hópar komið að gróðursetningu og vinnu hér og þar á svæðinu, meðal annars frá sjálfböðaliðasamtökunum Veraldarvinum og Seeds, en félaginu hefði ekki tekist að gróðursetja þann fjölda planta sem settur hefur verið í Leyningsland ef sjálfböðaliðanna hefði ekki notið við.

Lengi vel var Skarðdalssvæðið lítið þekkt og lítið notað vegna erfiðrar aðgöngu – skógurinn þéttur og lítið grísað. Árið 1989 urðu þáttaskil er þetta snertir, er þrír ungar menn frá Skógræktarfélagi Íslands komu og grísuðu, meðal annars fyrir fyrsta áfanga stígagerðar. Á næstu árum hófst vegagerð inn á svæðið og í framhaldi af henni stígagerð, sem unnið hefur verið að síðan, en nú er komið gott kerfi göngustiga um skóginn, auk annarrar aðstöðu. Mikið hefur verið grísað í elsta hluta skógarins, í kringum Skarðdalskot. Árið 2009 var gerður vegslóði upp í rjóðrið við Leyningsá, með tilstyrk Vegagerðarinnar. Styrkir til uppbyggingar og ýmsar gjafir, svo sem skógarhúsið og bekkir, hafa einnig komið frá hinum ýmsu aðilum – umhverfisráðuneytinu, Landgræðslusjóði, Pokasjóði, Vildarvinum Siglufjarðar og Lionsklúbbi Siglufjarðar.

Skógræktarfélag Siglufjarðar var stofnað þann 6. október 1940. Upphaflega fékk félagið úthlutað landi austanvert í Hólsdalnum sunnan Hóls og hóf þar gróðursetningu, en það reyndist of erfitt land og flutti félagið sig því yfir í Skarðdal, sem hefur verið aðal skógræktarsvæði félagsins síðan. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum, meðal annars skógardegi á sumri og jólatrjáasölu í desember, þegar fært er í skóginn!

with support from the municipality of Siglufjörður. Various groups have also planted trees at Skarðdalur throughout the years and made various donations to the forest.

The forest had few visitors for a long time, due to its inaccessibility – it was densely grown and thinning limited. Today there is, however, a good system of paths running through the forest and it is becoming an ever more popular recreation spot.

The Siglufjörður Forestry Association was founded on October 6, 1940. The association hosts a variety of events in the forest, including a “Forest Day” in summer and Christmas tree sales in December (weather permitting!).